

74. Bréf dómismálastjórnarinnar til stiptamtannsins 1862.
yfir Íslandi, um borgun fyrir danska þýðing al- 9. desember.
þingistíðindanna.

Í sambandi við skýrslur þær, er þær, herra stiptamtmaður, hafið fengið hëðan smátt og smátt um fë það, sem varið hefir verið til að borga með danska þýðing af tíðindunum frá alþingi 1861, er til búin hefir verið hér í bænum, þá skal yður nú, er þýðing þessari er lokið, til vitundar gefið, að auk þess fjár, sem um er rætt í brëfum stjórnarráðsins 18. febrúarm. og 13. ágústm. þ. á., og 19. f. m., en það fë er að upphæð 261 rdl., 32 rdl. 36 sk. og 71 rdl. 48 sk., hefir þýðing þessi enn fremur kostað 93 rdl. 36 sk., sem ávísað hefir verið úr aðalféhirzlu ríkisins af fë því, sem til er fært til alþingiskostnaðar í fjárlögunum fyrir árið 1861—62, 9. gr. G, a, 2, og eruð þær beðnir að annast um, að þessir 93 rdl. 36 sk., ásamt hinu fënu, því er að ofan er greint, verði endurgoldnir ríkissjóðnum á þann hátt, sem sagt er í brëfi dómismálastjórnarinnar 22. janúarm þ. á.¹

Viðbætir við árið 1862.

75. Bréf dómismálastjórnarinnar til stiptamtannsins 22. janúarm.
yfir Íslandi, um danska þýðing alþingistíðindanna.

Í brëfi dómismálastjórnarinnar 12. septemberm. f. á. var leyft, að sleppa mætti að senda hingað danska þýðing af þingbók alþingis 1861; en eptir að nú er búið að skrifazt á um málið við fjárstjórnina, skal yður enn fremur kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þær gjörið þær ráðstafanir, er þarf í því efni, að samkvæmt skilyrði því, er sett var í áður greindu brëfi dómismálastjórnarinnar, ber að telja fë það, sem borgað verður fyrir

1) Bréf dómismálastjórnarinnar 22. janúarm. 1862 er prentað hér á eptir í viðbæti við árið 1862.

1862. þýðinguna hér í bænum, og sem þér síðar munuð fá vísbending um hvað mikið verður, með öðrum kostnaði við alþingi 1861, og ásamt honum að endurgjalda ríkissjóðnum með niðurfjöfnun á Ísland.

28. febrúarm. **76. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtamannsins yfir Íslandi, um hafnartaxta fyrir Reykjavík.**

Með bréfum yðar, herra stiptamtmaður, 28. októberm. og 19. nóvemberm. f. á. hefir dómsmálastjórnin meðtekið bæði bænarskrá frá mestum þorra verzlunarmanna í Reykjavík um, að töluvert verði lækkaður hafnartaxti sá, sem innanríkisstjórnin samþykkti fyrir kaupstað þenna 12. dag máím. 1855, og einnig nýtt frumvarp til hafnartaxta frá hafnarnefndinni, og er sá mismunur á því frumvarpi og þeim hafnartaxta, sem nú er í gildi, að hafnartollurinn í frumvarpinu er færður niður um hér um bil þriðjung, og að í því er ákvörðun um, að þau skip danskra þegna, sem eru á fiskiveiðum við strendur Íslands, skuli vera undanþegin hafnargjöldum, ef ekki er fluttur neinn farmur úr þeim eður í annar en sá, er heyrir til afla þeirra eður fiskiveiðum.

Stjórnarráðið leggur nú samþykki sitt á hinn nýja hafnartaxta, er hafnarnefndin hefir stungið upp á, og sendir yður hann aptur með bréfi þessu, ásamt bréfi nefndarinnar og bænarskrá þeirri, sem að ofan er getið; en þar sem ástæður þær, er hafnarnefndin hefir til fært fyrir uppástungum sínum, kunna að virðast benda á, að lækka beri hafnartollinn enn meira en gjört er í frumvarpinu, svo sem og er farið fram á í bænarskránni, þá eruð þér, herra stiptamtmaður, beðnir að segja stjórnarráðinu álit yðar um, hvort ekki muni vera ástæða til þessa, og að senda því þá um leið fylgiskjölin aptur.